

Ed.

180. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um björgunar- og eftirlitsskip Vestfjarða.

Frá Kjartani J. Jóhannssyni.

Hvað líður efndum á samningi þeim, er dómsmálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar gerði 1. ág. 1945 við stjórn Slysavarnafélags Íslands og björgunarskútunefnd Vestfjarða f. h. slysavarnasveitanna á Vestfjörðum um byggingu björgunarskips fyrir Vestfirði?

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hefur ríkisstjórnin haft skip við strandgæzlu og björgunarstörf úti fyrir Vestfjörðum. Hafa það oftast verið leiguskip af ýmsum stærðum. Sum skipin hafa verið góð, en önnur síðri. Öllum var þó ljóst, að þetta var ekki til frambúðar, og hófu slysavarnasveitirnar á Vestfjörðum því fjársöfnun til kaupa eða byggingar á hentugu skipi. Hefur verið mjög mikill og almennur áhugi á þessu máli vestra og söfnunin því gengið vel.

Fyrir rúmu ári var svo gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveitanna á Vestfjörðum um, að þær legðu fram 200 þús. kr. með vissum skilyrðum, til kaupa eða byggingar á björgunar- og eftirlitsskipi fyrir Vestfirði. Skyldi bygging skipsins hafin þá þegar, eða svo fljótt sem unnt væri, ef hentugt skip fengist ekki með góðu móti. Næst gerðist það í þessum málum, að keypt voru 3 vélskip í Englandi, er ætluð voru til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa, en þau reyndust ekki nothæf til þeirra starfa, er þeim voru ætluð hér, og var því skilað aftur.

Þá fluttu þingmenn Vestfjarða tillögu til þingsályktunar á síðasta þingi um byggingu björgunar- og eftirlitsskips Vestfjarða. Hæstvirtur dómsmálaráðherra lýsti því þá yfir, að óþarft væri að samþykkja tillöguna, því að ætlunin væri að kaupa eða byggja skip, er fullnægði þeim kröfum, sem samningurinn við slysavarnasveitirnar gerir ráð fyrir. Síðan er nú liðið ár, og ekkert skip er komið enn. Virðist það benda til þess, að ekki hafi tekizt að fá hentugt skip keypt. Hefur því væntanlega verið samið um smíði skipsins, og vænti ég, að hæstvirt ríkisstjórn upplýsi, hvað því líður, eða hvað í ráði er að gera til þess að leysa þessi mál.